

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Þinggerð 1. Haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga

Hólmavík 9. og 10 september 2016

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Þinggerð 1. Haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga

Föstudaginn 9. september og laugardaginn 10. september 2016, var samkvæmt nýjum samþykktum haldið 1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga, í Félagsheimilinu á Hólmavík. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Pétur G. Markan, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 12:30 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Gerði hann að tillögu að þingforseti yrði Jón Gísli Jónsson sveitarstjórnarmaður í Strandabyggð og varaþingforseti Finnur Ólafsson Kaldrananeshreppi og var það samþykkt einróma.

Gaf hann þingforseta stjórnun þingsins.

Þingforseti þakkaði fyrir auðsýnt traust.
Kom hann með tillögu að í Kjörbréfanefnd sætu
Áslaug Guttormsdóttir Reykhólahreppi, formaður
Ásgeir Jónsson Tálknafjarðarhreppi
Kristján Andri Guðjónsson Ísafjarðarbæ.
Var tillagan samþykkt og tók kjörnefnd strax til starfa.

Þingforseti kom með tillögu þess efnis að :
Formaður Fjórðungsmálanefndar yrði Andrea Kristín Jónsdóttir Sveitarstjóri í Strandabyggð
Formaður Allsherjarnefndar yrði Eva Dögg Jóhannesdóttir Tálknafjarðarhreppi
Tillagan samþykkt

Þingforseti gerði það síðan að tillögu að í Fjárhagsnefnd sætu:
Þórir Sveinsson Vesturbyggð, formaður
Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ
Guðlaug Rós Hólmsteinsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað
Tillagan samþykkt

Þingforseti gerð tillögu þess efnis að þingritarar yrðu starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga Lína Björg Tryggvadóttir og Magnús Jónsson, og var það samþykkt.

Þingforseti gaf formanni Fjórðungssambands Vestfirðinga Pétri G Markan orðið

Pétur minntist í upphafi máls sína Guðbjarts Hannessonar, alþingismanns í Norðvestur kjördæmi og fyrrverandi velferðarráðherra, en hann lést þann 23. október 2015 eða stuttu eftir 60. Fjórðungsþing.

Pétur þakkaði síðan Strandabyggð fyrir að bregðast skjótt við þegar þurfti að breyta bæði stað og tímasetningu þingsins með stuttum fyrirvara. Hér væru ákveðin tímamót í starfi FV með því að nú væri haldið fyrst haustþing sambandsins samkvæmt nýjum samþykktum. 61. Fjórðungsþing hefði verið haldið í byrjun maí s.l. en dagskrá þess væri afmörkuð við hefðbundin ársfundarstörf. Á haustþingi væru tekin til umræðu málefni sambandsins eins og þau væru hverju sinni. Fyrir þinginu lögju tvö mikilvæg mál er vörðuðu stefnu sveitarfélaga með umræðu um efni svæðisáætlunar og síðan stefnu sambandsins FV 2016-2018 í skilgreindum málaflokkum. (ræða formanns er í þingskjali 3)

Pétur heiðraði síðan Einar Kristinn Guðfinnssyni Forseta Alþingis, fyrir góð störf síðustu áratugi í þágu Vestfirðinga. Einar hefur setið á Alþingi frá árinu 1991, fyrst sem þingmaður Vestfjarðakjördæmis og síðan frá árinu 1999 sem þingmaður Norðvesturkjördæmis. Var Einari færður steinn úr fjallinu Kofra ásamt útskornum geirfugli eftir listamanninn Jóni Ólafssyni, Hólmavík.

Einar K. Guðfinnsson þakkaði fyrir sig, benti hann á það hve gefandi það hafi verið að vinna í þágu fólksins í fjórðunginum síðustu áratuginu. Stjórnámálamenn eigi að horfa á fólkið sitt og vinna í þágu þess. Sagði hann að framundan séu spennandi tíma og mikil sóknarfæri fyrir Vestfirði. Hann fjallaði um þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á næstu árum á Vestfjörðum og benti að þegar þeim ljúki verði fjórðungurinn kominn í ennþá betra sóknarfæri en nú er. Einnig benti hann á að nú yrði að standa vörð um fiskeldið og þá uppbyggingu sem hefur orðið á Vestfjörðum. Einar þakkaði að lokum samstarf með vestfirskum sveitarstjórnarmönnum og samtökum þeirra og kvaðst vera bjartsýnn á framtíð Vestfjarða.

1. Ávörp gesta

Ólöf Nordal Innanríkisráðherra ávarpaði þingið og þakkaði fyrir boðið. Hún fjallaði um áhrif laga laga um opinber fjármál sem samþykkt voru í ágúst s.l.. Nú mun rammi fyrir fjármál hins opinbera m.a. fjármögnun innviða vera settur til lengri tíma en áður. Lögin fela einnig í sér mikla breytingu í samráði ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál, auka samskipti og yfirsýn beggja aðila. Hún fjallaði um sameiningar sveitarfélaga og benti á að það verði að vera í höndum sveitarfélaga að taka þá upplýstu ákvörðun. Staða og framtíð sveitarfélaga og styrking sveitarstjórnarstigsins ætti hinsvegar að vera í sífelldri umfjöllun. Því hefði ráðherra sett af stað verkefnastjórn sem fjalla á um þessi málefni. Ráðherra ræddi einnig stöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ráðherra fjallaði að lokum um hin viðamiklu verkefni í samgöngu og fjarskiptamálum. Staðfesti hún vilja sinn að Dýrafjarðargöng verði næsta jarðgangaverkefni á eftir Norðfjarðargöngum og samhliða yrði farið í endurbyggingu vegar um Dynjandisheiði. Vænta megi tillögu að umhverfismati vegna vegagerðar í Gufudalssveit nú í byrjun vetrar. Framkvæmd við Bjarnarfjarðarháls væri í gangi og næsta verkefni á vegi norður í Árneshrepps væri Veidileysuháls. Í fjarskiptamálum væri stærsta verkefnið Ísland ljóstengt og vænti hún þess að aðlaga megi verkefnið á komandi ári til frekari stuðnings við fámenn og dreifbýl sveitarfélög. Ráðherra sagði í lokin að ráðuneytið leggi sig við að styrkja innviði landsins en til þess þarf fjárfestingu og stórhuga fólk og horft til Vestfjarða væri framtíðin björt fyrir landshlutann.

Ræðuna í heild sinni er hægt að lesa í gögnum þingsins.

Gunnar Bragi Sveinsson Sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra ávarpaði þingið og þakkaði fyrir boðið og sagði að það væri mikil ánægja að vera á þinginu. Hann benti á að það eigi að reka öflugan byggðastefnu því það sé mjög mikilvægt að allt landið sé í byggð. Öflug landsbyggð gefur höfuðborginni þrótt og sömuleiðis gefur höfuðborgin landsbyggðinni styrk. Ráðherrann fjallaði um að ráðuneytið væri nú að skoða leiðir varðandi skattaávilnanir s.s lækkun á tryggingargjaldi og niðurfelling á námslánum á skilgreindum svæðum. Slíkt væri ekki ölmusa heldur réttlætismál.

Samstarf ráðuneytisins við FV hefði að hluta leitt til skipan nefndar um aðgerðir á Vestfjörðum eða Vestfjarðanefnd. Tillögur nefndarinnar yrðu kynntar á þinginu og nú væri það ráðherra og ráðuneyta að taka tillögur nefndarinnar til meðferðar og hlusta á vilja heimamanna. Ráðherra segist vera sérstaklega bjartsýnn á framtíð Vestfjarða, betra efnahagsástand í landinu, vöxtur í fiskeldi, sóknarfæri í landbúnaði t.d. í verkefninu „Matvælalandið Ísland“ og vöxtur

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

ferðapjónustunnar. Hér kæmi síðan til viðbótar mikil uppbygging í samgöngu- og fjarskiptamálum. Ráðherra sagði í sínum lokaorðum, að mikilvægt væri að hafa aðila í framvarðarsveit sem vinna ötullega að málefnum fjórðungsins og segir að mikinn mannauð vera samankominn á þinginu.

Ræðuna í heild sinni er hægt að lesa í gögnum þingsins.

Halldór Halldórsson formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Halldór þakkaði fyrir boðið á þingið og rifjað upp er hann sat fyrst á Fjórðungsþingi 1996 og bendir á að gríðarlega mikil endurnýjun hafi orðið á sveitarstjórnarmönnum á síðustu árum. Halldór fjallaði um um endurskoðun kosningalaga og tillögur vinnuhóps forseta Alþingis. Benti hann á að nú væri góðæri í landinu og því ætti að vera aðstæður fyrir sveitarfélög til að bæta fjárhagsstöðuna sína svo þau þoli betur næstu áföll – því þau munu koma. Kjarasamningar, lokið er kjarasamningum við 61 af 63 viðsejendum sambandsins og gilda þeir allir út mars 2019. Tillaga að kjarasamningi kennara hefði verið felld í tvígang og væri þar komin upp alvarleg staða sem hvor aðili fyrir sig yrði að skoða vandlega næstu skref. Formaður ræddi síðan gildistöku laga um opinber fjármál. Hér væru samskipti ríkis og sveitarfélaga komin í lögbundin feril og væri það til mikilla bóta. Nú væru m.a. viðræður um skiptingu skuldbindinga í lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og daggjöld hjúkrunarheimila. Auk þess hefði stjórn sambandsins falið formanni og framkvæmdastjóra að halda áfram viðræðum við fjármálaráðherra um sameiginlegt mat á áhrifunum bankaskatta og hvernig sveitarfélögum verði bætt upp þetta tekjutap. Sveitarfélögin yrðu einnig að móta sér afstöðu hvernig leiðrétting á slíkum tekjum yrði úthlutað frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar tækist á hvort notast yrði óbreytt fyrirkomulag úthlutunar sjóðsins eða horft yrði til þeirra svæða sem tapa mest á þessum lögum þ.e. á höfuðborgarsvæðinu.

Að lokum ræddi formaður vinnu byggðaaætlun til ársins 2023. Höfuðborgarsvæðið er með í þeirri vinnu og geta falist tækifæri í því en taka þarf á hlutverki höfuðborgarinnar. Hvatti hann sveitarfélögin að taka þátt í þessari vinnu og skila tillögum fyrir 1. nóvember n.k.

2. Hrafnkell Á. Proppé skipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins. Svæðisskipulag lifandi plagg eða hilluskraut?

Erindi Hrafnkels er í tengslum við málefni þingsins Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – Svæðisáætlun. Lýsti hann aðdraganda og framkvæmd gerð Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðis 2015-2040. Sveitarfélög yrðu að vega og meta kosti og galla aðferðarfræðinnar við svæðisskipulag eða svæðisáætlun. Meginatriðið væri hvernig hægt sé að nýta svæðisskipulagið sem verkfæri fyrir sveitarfélögin. Þar yrði t.d. að gæta þess að hafa stefnumál (verkefni) fremur færri en fleiri. Rétt sé einnig að nýta tækifærið og samvinna svæðisskipulagsgerð við sóknaráætlanir landshluta. Að öðru leyti, vísast til erindis í gögnum þingsins.

Forseti þingsins opnaði fyrir umræður

Arna Lára Jónsdóttir bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ tók til máls. Spurði hún Hrafnkel um muninn á svæðisskipulagi og svæðisáætlun og hvora aðferðina hann teldi að Vestfirðir ættu að huga að fara í.

Þórir Sveinsson starfandi bæjarstjóri í Vesturbyggð tók til máls og beindi fyrirspurn sinni til Halldórs Halldórssonar, varðandi hugmyndir um meðferð lífeyrisskuldbindinga

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

sveitarfélaganna í A hluta og áhrif þess á rekstur og skuldahlutfall sveitarfélaganna. Ef ekki væri rétt á haldið, þá væri hætta á að skuldahlutfall færi yfir lögbundin viðmið þ.e. 150 % og hefði þar með áhrif á sjálfstæði sveitarfélaganna.

Hrafnkell svaraði fyrirspurn.

Munurinn á svæðisáætlun og svæðisskipulagi. Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga um sameiginleg hagsmunamál og svæðisbundnar áherslur. Skipulagsáætlun fellur undir skipulagslög og þeirra ferli. Skipulagslögin kveða á að skipulagsáætlun sé réttþærri en aðalskipulag. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af hlutaðeigandi sveitarfélögum og Skipulagssjóði. Þá þarf Skipulagsstofnun að samþykkja þau verkefni sem fari er af stað með og allt það verklag sem fer til kemur af. Til að fá endurgreitt þarf að ljúka ferlinu. Hrafnkell bendir á að kannski sé auðveldara fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum að fara í gerð svæðisáætlunar en hún fellur ekki undir neinn lagaramma heldur ráða sveitarfélögin hvað fer þar inn

Halldór Halldórsson –svaraði fyrirspurn Þóris og tók undir að ef ekki er rétt á málum haldið mun skuldahlutfall margra sveitarfélaga fara yfir viðmiðunarmörk. Það væri skýrt í huga þeirra sem um málið fjalla að sú staða komi ekki upp. Sú aðferð sem væri til umræðu, þ.e. útgáfa skuldabréfs taldi Halldór að kæmi í veg fyrir þessa stöðu. Ef tekið er skuldabréfið inn frekar en 16% leiðin þá geti skuldahlutfall sveitarfélaga farið yfir viðmiðunarmörk.

3. Kynning á störfum Vestfjarðarnefndar

Ágúst B Garðarsson, formaður nefndar um aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði (Vestfjarðanefnd) og aðstoðarmaður forsætisráðherra kynnti starf nefndarinnar.

Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 31. maí sl. var samþykkt að skipa nefnd til að vinna aðgerðaáætlun á sviði samfélags- og atvinnuþróunar fyrir Vestfirði. Nefndarmenn voru Aðalbjörg Óskarsdóttir, fulltrúi Stranda og Reykhólahrepps, Daníel Jakobsson, fulltrúi norðanverðra Vestfjarða, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, sérfræðingur í ANR og Valgeir Ægir Ingólfsson, sérfræðingur hjá ATVEST og fulltrúi sunnanverðra Vestfjarða. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV og Pétur G. Markan, formaður FV voru áheyrnarfulltrúar innan nefndarinnar.

Í skýrslunni var lögð áhersla á fjóra þætti: Fjölga íbúum, fjölga störfum, nýta sóknarfæri og auka þannig verðmætasköpun, treysta byggð með eflingu innviða. Skortur á sterkum innviðum hefur staðið fjölbreyttum atvinnutækifærum fyrir þrífum. Tryggja þarf í fjárlögum næstu ára að lögð verði áhersla á eflingu innviða á Vestfjörðum á sviði orku, samgangna (vegir, hafnir og flugvællir) og fjarskiptum. Nefndin lýsir síðan úrbótum í málaflokkum s.s. heilbrigðismálum og öldrunarmálum, menntamálum og menningarmálum. Málefni Árneshrepps verði rædd sérstaklega. Nefndin telur síðan að skoða þurfi það rækilega hvort að frekari sameiningar sveitarfélaga á Vestfjörðum geti leitt til þess að nýta megi fjármagn betur, efla þjónustu og gera sveitarfélögum kleift að taka við fleiri verkefnum frá ríkinu.

Forseti þingsins opnaði fyrir umræður

Gísli Halldór Halldórsson Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar tók til máls og þakkaði Ágústi fyrir kynninguna. Gísli vildi leiðrétta misskilning á togstreitu á hafnargerð á Norðanverðum Vestfjörðum. Hann sagði að Ísafjarðarbær muni borga þær framkvæmdir sem þarf að fara í á Ísafirði með hafnargjöldum. Hann benti á að í Bolungarvík og Súðavík væru verkefni sem þarf

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

að fara í og ef það yrði ekki gert þá þurfa þessi sveitarfélög að neita þeim aðilum, sem þurfa á framkvæmdum að halda, um að hefja sín verkefni.

Kaffihlé

Kjörbréfanefnd greindi frá niðurstöðu sinni varðandi gild kjörbréf. Voru 8584,4 gild atkvæði af 9020 atkvæðum. Öll sveitarfélög fullnýta atkvæði sín fyrir utan Ísafjarðarbæ og Árneshreppi en þar vantaði umboð frá einum sveitarstjórnarmanni í báðum sveitarfélögunum.

Niðurstaða nefndarinnar er sem hér segir

Sveitarfélag	Aðalfulltrúi	Heildaratkvæða vægi	Mætt fyrir
Árneshreppur	Mætt fyrir 132 atk	165	1,83%
			132
Bolungarvíkurkaupstaður	Mætt fyrir öll atkvæði	1356	15,03%
			1356
Ísafjarðarbær	Mætt fyrir 3220,4	3623	40,17%
			3220,4
Kaldrananeshreppur	Mætt fyrir öll atkvæði	309	3,43%
			309
Reykholahreppur	Mætt fyrir öll atkvæði	534	5,92%
			534
Strandabyggð	Mætt fyrir öll atkvæði	934	10,35%
			934
Súðavíkurhreppur	Mætt fyrir öll atkvæði	552	6,12%
			552
Tálknafjarðarhreppur	Mætt fyrir öll atkvæði	534	5,92%
			534
Vesturbyggð	Mætt fyrir öll atkvæði	1013	11,23%
			1013
	Heildaratkvæði	9020	
		Mætt fyrir atkvæði	8584,4

4. Framlögð mál

Þingskjal 4 - Kynning á uppfærðri Sóknaaráætlun Vestfjarða 2015-2019 -

Aðalsteinn Óskarsson kynnti uppfærða Sóknaaráætlun Vestfjarða 2015-2019. Skjalið fer nú til umsagnar samráðsvettvangs Sóknaaráætlunar Vestfjarða. Endanlegt skjal verður tilbúið í undir lok október eða byrjun nóvember 2016. Lagt fram til kynningar

Þingskjal 5 - Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – Aðalsteinn Óskarsson kynnir málefnið

Í verkefninu er leitast við að setja fram stefnu fyrir Vestfirði í heild og áætlun fyrir sveitarfélögin. Skjalið var lagt fram fyrir sveitarfélögin níu og hafa 7 sveitarfélög samþykkt skjalið á sveitarstjórnarfundum og eitt sveitarfélaganna kom með tillögu að málefni. Kostnaðaráætlun er metin gróflega um 25 til 30 milljónir. Forgangsraða þarf þeim sjö málefnum sem lögð eru fram og skoða þarf hvort að hægt sé að leysa einhver mál á öðrum vettvang og hvaða mál geta sveitarfélögin sameinast um. Var málinu vísað til Fjórðungsmálanefndar.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Þingskjal 6 - Stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn kynnir málefnið og var málinu vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Þingskjal 7 - Framtíðarsýn um stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar - Samstarf FV og Atvest

Pétur Markan kynnti málið . Var málinu vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Þingskjal 8 - Fjárhags- og starfsáætlun FV fyrir árið 2017

Aðalsteinn tekur saman áætlaðar tölur fyrir árið 2017. Vísar hann málinu til Fjármálanefndar.

Þingskjal 9 - Breytingar á samþykktum– breyting á 8. gr. Dagskrá Fjórðungspings

Aðalsteinn kynnir málefnið og greindi frá því á hvaða greinum lagt var til að breyta. Vísar hann málinu til Allsherjarnefndar.

Þingskjal 10- Tillaga að endurskoðuðum þingsköpum fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga - Aðalsteinn Óskarsson kynnti málið og vísaði því til Allsherjarnefndar.

Önnur mál

Þingskjal 11 - Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð tók til máls og lagði fram mál er varðar breytta vogtölu sveitarfélaganna og leggur hún málið fram til Allsherjarnefndar.

Þingskjal 12 - Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ tók til máls og lagði fram tillögu við Stjórn FV að gera tillögu að endurskilgreiningu á verkefnum FV svo að starfmenn geti starfað að hagsmunum sveitarfélaganna. Verði tillagan unnin og lögð fyrir á næsta þingi FV. Vísar hún tillögunni til Fjórðungsmálanefndar.

Gísli Halldór Halldórsson tók til máls og bendir á að í 8. gr. þingskapa þurfi að bæta við ákveðnum fjölda til að málefni verði tekin upp á þingi.

Ákveðið var að Allsherjarnefnd og Fjórðungsmálanefnd ynnu saman að þeim málum sem lögðu voru fram og var það samþykkt.

5. Umræður og nefndarstörf

Fóru nú fram nefndarstörf Allsherjarnefndar og Fjórðungsmálanefndar þar sem ákveðið var hvernig mál yrðu afgreidd áfram.

Þinghlé kl. 18:00

Laugardagur 10. september 2016

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Varaforseti þingsins Finnur Ólafsson setti þingið aftur og gaf Aðalsteini Óskarsyni orðið en hann flutti kynningu fráfarandi Menningarfulltrúa Jóns Jónssonar í fjarveru hans

Kynning fráfarandi Menningarfulltrúa – Aðalsteinn Óskarsson

Kynning Markaðsfulltrúa – Díanna Jóhannsdóttir fór yfir störf markaðsstofu síðasta árið

Kynning Verkefnastjóra við byggðaþróunardeild – Lína Björg Tryggvadóttir fór yfir störf byggðaþróunar síðasta árið

Kynning fráfarandi framkvæmdarstjóra Atvinnuþróunarfélags – Shiran Þórisson fór yfir störf og stöðu Atvest síðasta árið

Nefndarstörf

Hádegishlé

Afgreiðsla mála

Þingforseti gaf Andreu Jónsdóttur formanni Fjórðungsmálanefndar orðið til að kynna starf nefndarinnar.

Þingskjal 13. Áður þingskjal 5 Stefnumörkun Sveitarfélaga

1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 samþykkir að vísa Stefnumörkin sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt þingskjali 5 aftur til stjórnar og starfsmanna til áframhaldandi vinnu. Stjórn og starfsmönnum verði í framhaldinu falið að halda vinnufundi með öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Tillaga samþykkt samhljóða..

Þingskjal 14. Breytingartillaga við tillögu Ísafjarðarbæjar samkvæmt þingskjali 11 að stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2016-2018 samkvæmt þingskjali 6.

1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 felur stjórn og starfsmönnum að funda með aðildarsveitarfélögum til þess að ræða hlutverk FV, málaflokka og forgangsröðun, þannig að leggja megi fram tillögu að endurskilgreindu hlutverki FV fyrir næsta Fjórðungsþing. Samhliða verður unnið í þeim ályktum sem koma fram í stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2016-2018.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 15. Framtíðarsýn um stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar - Samstarf FV og Atvest

1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 samþykkir að veita stjórn FV umboð til þess að annast framkvæmdarstjórn Atvest tímabundið.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 16 Framtíðarsýn um stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar - Samstarf FV og Atvest

1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 veitir stjórn FV umboð til að leiða umræður um stofnun Vestfjarðarstofu í samstarfi við stjórn Atvest, niðurstöður þeirra umræðna verða lagðar fram á 62. Fjórðungsþingi vorið 2017.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Samþykkt samhljóða

Þingforseti gaf nú Evu Dögg Jóhannesdóttur, formann Allsherjarnefndar orðið til að kynna starf nefndarinnar.

Þingskjal 17 áður þingskjal 9 Breytingar á samþykktum 8. gr. Dagskrá Fjórðungspings - lagt til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Tillagan samþykkt.

Þingskjal 18. áður þingskjal 10. Tillaga að endurskoðuðum þingsköpum fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga. Til máls tóku

Gísli Halldór Halldórsson. Spurði hann hvort að það hafi verið rætt í nefnd er varðar breytingu á 8. gr. þingskapa um aukin meirihluta til að taka mál á dagskrá

Ásgeir Jónsson bendir á að ef þessi breyting á 8. gr. verði samþykkt þá hafi Ísafjarðarbær meirihluta og geti komið einhliða í veg fyrir að ný mál komist inn á þingið.

Gísli Halldór Halldórsson gerir Breytingartillögu við 8 gr. þingskapa þannig að við bætist „með 2/3 hluta atkvæða“

Arna Lára Jónsdóttir; bendir á að það eigi að heyra til undantekningar að ný mál séu tekin upp á þingi.

Gísli Halldór Halldórsson tekur til máls og bendir á að einnig væri hægt að breyta því þannig að allir yrðu að samþykka að nýtt mál kæmi á dagskrá.

Eva Dögg Jóhannesdóttir, taldi hún eðlilegra að það færi eftir meirihluta þingfulltrúa í stað atkvæðavægi þegar samþykkja á ný mál inn á þingið.

Friðbjörg Matthíasdóttir telur að ekki þurfi að breyta greininni.

Gísli Halldór Halldórsson; dró hann fyrri breytingartillögu til baka og leggur fram aðra breytingartillögu – í stað „ ef þingfundur leyfir „ komi “ efnda mótmæli enginn þingfulltrúi“

Ásgeir Jónsson; telur að þessi breytingartillaga sé betri en sú fyrri

Eva Dögg Jóhannesdóttir; og spyr skilning Gísla Halldórs á breytingartillögunni. Hún bendir á að með þessari breytingu getur einn þingfulltrúi haft þau völd að koma í veg fyrir að nýtt mál komist á þingið.

Pétur Markan fær orðið og segist ekki geta stutt þessa breytingartillögu þar sem einn þingfulltrúi hefði völdin til að neita því að nýtt mál komist inn á þingið.

Gísli Halldór bendir á með þessari breytingu sem lögð er til á 8 grein geri það heimilt að hægt sé að koma með mál á dagskrá eftir nefndarstörf.

Aðalsteinn Óskarsson tekur til máls og leggur til að síðasta setningin í tillögunni verði tekin út og þá standi 8. gr. óbreytt.

Gerð er tillaga að fella niður breytingu á 8. grein ásamt breytingartillögu.

Tillagan samþykkt.

Þingskjal 10 Tillaga Vesturbyggðar að breyttri vogtölu. Meirihluti nefndarinnar leggur til að málið verði fellt.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Friðbjörg Matthíasdóttir tók til máls. Hún kynnti afstöðu minnihluta nefndarinnar og lagði til að tillögu samkvæmt þingskjali 10. verði vísað til stjórnar FV, með eftirfarandi tillögu:

Þingskjal 19 - Þingfulltrúar Vesturbyggðar leggja til við Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga að tillaga frá Vesturbyggð um breytingar á 4. gr. samþykktu FV verði vísað til stjórnar til umfjöllunar og endurskoðunar.

Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð leggur fram tillöguna - Þingfulltrúar Vesturbyggðar telja mikilvægt að atkvæðavægi sveitarfélaga verði endurskoðað og atkvæðavægi annarra landshlutasamtaka skoðað í því samhengi m.a. með tilliti til jöfnunar á vægi milli sambærilegra sveitarfélaga innan FV. Er þá verið að tala um sambærileg að stærð m.v. íbúa þannig að það fari ekkert á milli mála.

Niðurstaða stjórnar verði kynnt á Fjórðungsþingi í vor.

Þórir Sveinsson Vesturbyggð tekur til máls. Hann telur að þessi vottala hafi verið eðlileg á þeim tímum sem hún var sett. En nú séu breyttir tímar og bendir á að önnur landsamtök hafi annan hátt á m.a. hjá SSV.

Arna Lára Jónsdóttir tekur til máls og segir að hún hafi ekkert á móti því að þetta sé skoðað en telur gerir athugasemd við hvernig Vesturbyggð setur breytingartillöguna fram. Hún telur að leið SSV sé ekki leiðin sem á að fara.

Aðalsteinn Óskarsson tekur til máls og fór yfir þær forsendur sem lagaðar voru til grundvallar breytingum á samþykktum FV með upptöku vottölu á 41. Fjórðungsþingi árið 1996.

Eva Sigurbjörnsdóttir Árneshreppi tekur til máls og fjallar um atkvæðavægi.

Friðbjörg Matthíasdóttir tekur til máls og árettar að þessi tillaga sé ekki til höfuðs vottölu smærri sveitarfélaganna.

Pétur Markan tekur til máls styður tillöguna og telur rétt að stjórn FV taki þetta til skoðunar.

Sigurður Hreinsson tekur til máls styður tillöguna. Bendir á að þessi vettvangur sé mikilvægur fyrir sveitarstjórnarmenn.

Tillagan samþykkt með einu mótaskvæði.

Þingskjal 20 áður Þingskjal 8 Fjárhags og starfsáætlun FV

Þórir Sveinsson formaður Fjarhagsnefndar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

Það er álit Fjarhagsnefndar að tillaga að fjárhagsáætlun 2017 endurspegli vel rekstur Fjórðungssambandsins og spá um rekstur á næsta ári. En vísar til greinargerðar þar sem beint er ákveðnum ábendingum um framsetningu fjárhagsáætlunar og upplýsingagjöf.

Nefndin var sammála um að leggja til við 1. Haustþing Fjórðungssambands haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 að samþykkja framlagða fjárhagsáætlun sambandsins fyrir rekstrarárið 2017.

Tillagan samþykkt.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Þingforseti lýsti að nú væru öll mál þingsins afgreidd. Hann óskaði eftir heimild þingsins að ganga frá þinggerð með riturum þingsins. Þakkaði þingfulltrúum og gestum fyrir gott þing og óskaði þeim góðrar ferðar og sleit þingi kl. 14:20.

Þingforseti; Jón Gísli Jónsson.

Varaþingforseti; Finnur Ólafsson.

Þingritarar. Lína Björg Tryggvadóttir og Magnús Jónsson.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Þingskjal 1 DAGSKRÁ

Föstudagur 9. september

- 11.30 Afhending gagna
- 12:30 Þingsetning – Ávarp formanns
Kosning þingforseta og ritara
Kosning, kjörbréfanefndar afgreiðsla kjörbréfa
Kosning þingnefnda
- 13:00 Ávörp gesta
Ólöf Nordal – Innanríkisráðherra
Gunnar Bragi Sveinsson – Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Halldór Halldórsson - Samband Íslenskra sveitarfélaga
- 13:45 Hrafnkell Á. Proppé skipulagsstjóri SSH.- *Svæðisskipulag lifandi plagg eða hilluskraut?*
Umræður
- 15:00 Kaffihlé
- 15:20 Framlögð mál
Kynning á uppfærðri Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019
Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum
Stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga
Framtíðarsýn um stoðkerfi atvinnu- og byggðaðróunar - Samstarf FV og Atvest
Fjárhags- og starfsáætlun FV fyrir árið 2017
Breytingar á samþykktum og þingsköpum FV
Önnur mál
- 16:30 Umræður og nefndir
- 18:00 Hlé
- 20:00 Kvöldverður

Laugardagur 10. september

- 10.00 Skýrsla fráfarandi menningarfulltrúa
Skýrsla markaðsfulltrúa
Skýrsla verkefnisstjóra Byggðaðróunardeildar
Skýrsla Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða
- 10.50 Nefndarstörf
- 12:30 Hádegishlé
- 13:30 Afgreiðsla mála
- 15:00 Áætluð þingslit

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá og tímasetningu ef þörf krefur.

Annað:

- Þinghald og nefndarstörf verða í Félagsheimilinu á Hólmavík
- Hádegis- og kvöldverður verða á þingstað.

Vakin er athygli á að skýrslur starfshópa og stofnana munu liggja frammi á þinginu, einnig munu þær birtast á heimasíðu sambandsins eftir því sem þær berast.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Þingskjal 2

Atkvæðavægi sveitarfélaga				
1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga				
Tekið saman samkvæmt 4. gr. samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga um atkvæðavægi sveitarfélaga				
Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2016				
Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Vogtala	Fjöldi atkvæða	Hlutfall atkv
Reykholahreppur	267	2,0	534	5,92%
Vesturbyggð	1013	1,0	1.013	11,23%
Tálknafjarðarhreppur	267	2,0	534	5,92%
Bolungarvíkurkaupstaður	904	1,5	1.356	15,03%
Ísafjarðarbær	3623	1,0	3.623	40,17%
Súðavíkurhreppur	184	3,0	552	6,12%
Árneshreppur	55	3,0	165	1,83%
Kaldraneshreppur	103	3,0	309	3,43%
Strandabyggð	467	2,0	934	10,35%
<i>Samtals</i>	6.883		9.020	100,00%
Fjöldi sveitarfélaga:	9			
Ísafirði 6 september 2016				

Þingskjal 3

Skýrsla stjórnar – Pétur G. Markan

Forseti Alþingis, kjörnir fulltrúar á Vestfjörðum, alþingismenn, bæjar og sveitarstjórar og aðrir góðir gestir. Það er með ánægju og eftirvæntingu að ég býð ykkur velkomin á þetta haustþing Fjórðungssambands Vestfjarða, sem nú gerir Strandhögg á Hólmavík, höfuðstað Strandamanna.

Framundan er samráðsvettvangur sem býður okkur umræðu og rökræðu, þing sem tekur sameiginlegar ákvarðanir og heldur mögulega í breytingar, Samkoma, sem öðru fremur, fer fram með einkunnarorð Fjórðungssamband Vestfjarða, að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum, í samstarfi við sveitarfélögin sem að sambandinu standa.

Ég vil áður en lengra er haldið þakka sveitarstjórn og starfsmönnum Strandabyggðar fyrir skjót viðbrögð þegar að þurfti að bregðast óvænt við og færa bæði stað - og tímasetningu þingsins. Það er ómetanlegt að eiga dugmikið og lausnamiðað fólk innan sambandsins þegar að ríður á.

Þá má til sanns vegar færa að við Vestfirðinga lifum og störfum á sveiflukenndum tímum, þar sem örlítið geðrofsástand getur myndast. Annað hvort eru menn uppi, fara með himinskautum og taka ekki niður sólgleraugin, af varúð við birtuna framundan. Bylting í fiskeldi, sem hefur

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

hafið innreið sína á suðursvæði Vestfjarða, með tilheyrandi þenslu og uppgangi, fjölgun starfa og það sem við elskum um fram annað, fjölgun íbúa.

Bylting í raforkuframleiðslu sem á að skila sér í bættu raforkuöryggi, öflugri dreifingu og samkeppnishæfara framboði. Nú þegar hafa tvær virkjanir á Vestfjörðum fengið inn í rammaáætlun Hvalárvirkjun og Austurgilsvirkjun, önnur verkefni bíða, mislangt gengin, en eiga öll sinn þátt til ýta undir vonir og væntingar í málaflokkinum. Nauðsynlegt er stjórnvöld gangi frá hið fyrsta staðsetningu nýs tengipunktar.

Uppgangur ferðaþjónustu á svæðinu, í samfylgd við aukningu ferðamanna, gefur okkur góðar vonir um að hér sé hægt að byggja upp öfluga stoð í atvinnuumhverfi og verðmætasköpun Vestfirðinga.

Ljósleiðaramál eru í góðum farvegi hvað varðar stofnleiðina, verður hringtengt í haust, ef áætlanir standast.

Hins vegar tókum við krappa dýfa niður á við og tókumst við niðurstöðu skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagvaxtarþróun á landsvísi. Þar fá Vestfirðir falleinkunn, standast ekki prófið.

Þar segir meðal annars:

Einkum virðist vera ástæða til þess að hafa áhyggjur af þróun mála á Vestfjörðum. Samtals hækkuðu launagreiðslur þar 10% minna en laun á landinu öllu. Á sama tíma fækkaði fólki á Vestfjörðum um 5%. Vísbendingar eru um að höfudatvinnugreinin, sjávarútvegur, standi höllum fæti í þessum landshluta. Framleiðsla hefur lengi dregist saman á Vestfjörðum, dráttur í sjávarútvegi virðist vera meginskýringin á falli framleiðslu á Vestfjörðum undanfarin ár, en þar hafa byggingar, fjármálaþjónusta og skyldar greinar einnig dregist mikið saman.“

Fyrir þinginu liggja fyrir tvö geysilega mikilvæg þingmál. Annars vegar Stefnumörkun sveitarfélaga unnið hefur verið að frá 60. Fjórðungsþingi október 2015. Verkefni sem miðar að samræma áherslur og stefnu Vestfirskra sveitarfélaga í helstu málaflokkum, svo sem: atvinnumál, orkumál, umhverfismál, samgöngumál. Hlutverk þessa þings verður meðal annars að bregðast við umsögnum sveitarfélaga og halda áfram með vinnuna með þeim áherslum sem þar koma fram. Mikilvægt er að þessu þingi takist að koma sér saman um frekari áhersluatriði stefnumörkunar og halda vinnunni áfram. Vinna stefnumörkunar sveitarfélaga má horfa á sem upptakt fyrir vinnu sameiginlegs svæðisáætlunar, sem síðar má taka til umræðu hvort fari í lögformlegt svæðisskipulag. Hvers vegna erum við að þessu: Fyrir það fyrsta, viljum við vinna hlutina faglega og af ábyrgð. Í öðru lagi, samvinna verður alltaf á endanum öflugasta vinnutækið til að laða fram meiri lífsgæði, meiri velferð fyrir íbúa Vestfjarða. Einmitt það sem okkur að ætlað að gera.

Stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2016-2018. Þetta er í fyrsta skipti sem slík vinna er sett fram til þess að gefa sveitarfélögunum, kjörnum fulltrúum okkar tækifæri til að móta sambandið, velja verkefni sem því er að ætlað að sinna og síðast en ekki síst og efla það með fleiri röddum. Einn af hornsteinum sambandsins er hversu umboðskeðja sambandsins er sterk með tengingu hins kjörna sveitarstjórnarfulltúra við sína kjósendur.

Samstarf Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Gert var kunnugt nú í júlí s.l. að framkvæmdastjóri Atvest hafi sagt starfi sínu lausu hjá félaginu. Óháð þessu var komið til umræðu að rekstur félagsins yrði erfiður á árinu 2017. Af þessu tilefni

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Óskaði FV eftir viðræðum við Atvest um að taka til skoðunar aukið samstarf þessara aðila, í stað þjónustusamnings sem er þeirra á millum í dag, með gildistíma til loka árs 2017. Í viðræðum stjórnar Atvest og FV hefur komið fram sú ósk að á meðan mál séu til umræðu að framkvæmdastjóri FV taki tímabundið við stjórn Atvest. Ræða þarf þetta mál á þinginu en mikilvægt er að FV stigi inni málið og tryggi nauðsynlegan stöðugleika í starfsemi allra aðila.

Plastpokalausir Vestfirðir er eitt af vel heppnuðum verkefnum sambandsins, nýlega voru pokar sendir á hvert heimili á Vestfjörðum og hefur þessu verkefni verið vel tekið.

Menningamál. FV auglýsti nú í ágúst eftir nýjum menningarfulltrúa á Hólmavík en Jón Jónsson sagði sínu starfi lausu í júní s.l. og tekur við verkefnastjórn hjá nýju Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Ströndum - Þjóðfræðistofa. Rannsóknir í þjóðfræði verða þar í öndvegi og sérstök áhersla á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar. Rannsóknasetrið er staðsett á Hólmavík. Óskum við Jóni velfarnaðar í nýju starfi um leið og honum er þakkað áralangt starf á sviði menningarmála fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum. Fyrst hjá Menningarráði Vestfjarða og síðan sem menningarfulltrúi FV.

Sóknaráætlunin þar sem við vinnum samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlun, nú er lokið uppbyggingu öflugssamráðsvettvangs og framkvæmdaráð hefur verið sett á laggirnar.

Markaðsstofa Vestfjarða hefur starfað af krafti og nýtur þar stuðnings sín ráðgjafaráðs með fulltrúum ferðapjónustunnar og sveitarfélaga.

Ég minntist áðan á þau verkefni framundan eru á Vestfjörðum sem gefa afar góða von um jákvæðar framtíðarhorfur á Vestfjörðum. Atvinnulífið er hér að leiða málin en það gerir samhliða kröfu á sveitarfélögin að vera mjög virk og tryggja að uppbygging sé í takti við stefnumörkun þeirra og taki tillit til umhverfis og samfélagsgerðar.

En gleymum því ekki að allt þetta snýst um svokölluð stjórnsmál. Allt þetta skiptir litlu máli hjá öðru. Svo lengi sem stjórnsmál ræna ekki fólki öllum möguleikum til að lifa lífi sínu sjálft, skipta þau litlu máli. Það er skiptir máli er að börn haldi áfram að fæðast, fólk verði ástfangið. Einstaklingur er sá sem skiptir öllu máli, gleði hans og sorgir. Hann er bærastur til að ráða fram úr eigin málum, til þess þarf hann þolanlegar aðstæður, frelsi og frið.

Mikið er talað um stjórnsmálamenningu, og þá undir neikvæðum formerkjum. Þessu getum við snúið við. Ein einföld aðferð við slíkt er að ganga ávallt út frá að stjórnsmálamenn standa á mismundandi stöðum, halda mismunandi skoðanir en ég hef aldrei hitt stjórnsmálamenn sem vill ekki helga lífi sínu baráttu fyrir meiri lífsgæðum, betra samfélagi og bjartari framtíð. Við höfum misjafna liti í grunnfánanum og mismundandi hugmyndir um leiðir, en við viljum öll vinna að betra lífi. Þar deilum sömu sýn, þar þarf fókus virðingarinnar ávallt að vera.

Þingskjal 4

Kynning á uppfærðri Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 - Sjá samnefnt skjal á http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/

Þingskjal 5

Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum - Sjá samnefnt skjal á http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Þingskjal 6

Þingskjal 6 - Stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga - Sjá samnefnt skjal á http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/

Þingskjal nr. 7

Framtíðarsýn um stoðkerfi atvinnu- og byggðaðróunar - Samstarf FV og Atvest

Þingskjal nr. 8

Fjárhags- og starfsáætlun FV fyrir árið 2017

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga - Sjá samnefnt skjal á http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/

	Áætlun 2017	Endursk áætl 2016	2016	Ársreikn 2015
Framlög, styrkir og aðrar tekjur	250.390.000	275.675.000	267.830.000	242.804.619
Laun og launat.gjöld	59.116.000	61.740.000	52.852.000	48.088.634
Sérverkefni og skrifstkostn	182.136.000	210.864.000	203.414.000	192.617.892
	241.252.000	275.604.000	264.366.000	240.706.526
Ónotaðir styrkir	5.300.000	3.000.000	8.100.000	
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	3.587.000	71.000	3.464.000	2.098.093
Fjármunatekjur og gjöld	200.000	1.250.000	1.550.000	1.744.411
Afskriftir	250.000	175.000	175.000	175.442
Rekstrarafkoma	4.037.700	1.146.000	4.839.000	3.667.062

Þingskjal 9

Breytingar á samþykktum – breyting á 8. gr. Dagskrá Fjórðungspings. Sjá samnefnt skjal á http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/

Þingskjal 10

Tillaga að endurskoðuðum þingsköpum fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga - Sjá samnefnt skjal á http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/

Þingskjal 11

Tillaga frá Vesturbyggð- Breyting á samþykktum. Sjá samnefnt skjal á http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/

Þingskjal 12

Tillaga frá Ísafjarðarbæ- Endurskilgreining á verkefnum FV.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Þingskjal 13

Áður þingskjal 5 Stefnumörkun Sveitarfélaga

1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 samþykkir að vísa Stefnumörkin sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt þingskjali 5 aftur til stjórnar og starfsmanna til áframhaldandi vinnu. Stjórn og starfsmönnum verði í framhaldinu falið að halda vinnufundi með öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Þingskjal 14

Breytingartillaga við tillögu Ísafjarðarbæjar samkvæmt þingskjali 11 að stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2016-2018 samkvæmt þingskjali 6.

1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 felur stjórn og starfsmönnum að funda með aðildarsveitarfélögum til þess að ræða hlutverk FV, málaflokka og forgangsröðun, þannig að leggja megi fram tillögu að endurskilgreindu hlutverki FV fyrir næsta Fjórðungsþing. Samhliða verður unnið í þeim ályktum sem koma fram í stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2016-2018.

Þingskjal 15

Framtíðarsýn um stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar - Samstarf FV og Atvest

1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 samþykkir að veita stjórn FV umboð til þess að annast framkvæmdarstjórn Atvest tímabundið.

Þingskjal 16

Framtíðarsýn um stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar - Samstarf FV og Atvest

1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 veitir stjórn FV umboð til að leiða umræður um stofnun Vestfjarðarstofu í samstarfi við stjórn Atvest, niðurstöður þeirra umræðna verða lagðar fram á 62. Fjórðungsþingi vorið 2017.

Þingskjal 17

Var áður þingskjal 9 Breytingar á samþykktum 8. gr. Dagskrá Fjórðungsþings -

Sjá samnefnt skjal á http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/

Þingskjal 18

Var áður þingskjal 10. Tillaga að endurskoðuðum þingsköpum fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga

Sjá samnefnt skjal á http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/

Þingskjal 19

Þingfulltrúar Vesturbyggðar leggja til við Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga að tillaga frá Vesturbyggð um breytingar á 4. gr. samþykktu FV verði vísað til stjórnar til umfjöllunar og endurskoðunar.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Þingskjal 20

Var áður þingskjal 8 Fjárhags og starfsáætlun FV

Fjárhagsáætlun 2017 – afgreiðsla Fjárhagsnefndar.

Fyrir þinginu liggur tillaga að fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2017.

Áætlunin leiðrétt m.t.t. samlagningarvillna og með ívið breyttri uppsetningu er þessi borin saman við áætlun 2016:

Fjárhagsáætlun 2017	2017	2016
	kr.	kr.
Framlög, styrkir, tekjur	250.390.000	267.830.000
Laun	59.116.000	52.852.000
Skrifstofukostn.	182.136.000	203.414.000
Ónotaðir styrkir	5.300.000	8.100.000
Gjöld alls	246.552.000	264.366.000
Hagnaður fjármagnsliðir	f. 3.838.000	3.464.000
Fjármagnsliðir	200.000	1.550.000
Afskriftir	-250.000	-175.000
Alls, rekstarniðurstaða	3.788.000	4.839.000

Áætlunin gerir ráð fyrir 3,8 millj.kr. afgangi frá rekstri borið saman við 4,8 millj.kr. jákvæðri niðurstöðu þessa árs. Í endurskoðaðri áætlun fyrir áætlun 2016 er gert ráð fyrir 1,1 millj.kr. afgangi frá rekstri.

Fjárhagsnefnd fór yfir helstu tölur áætlunarinnar 2017 m.a. með því að skoða sundurliðun hennar svo og helstu forsendur sem áætlunin byggir á.

Meginforsendur áætlunarinnar er nær óbreyttur rekstur að teknu tilliti til verkefna sem lokið hefur verið við á árinu 2016, s.s. Markaðsátak sveitarfélaga o.fl. Helstu forsendur áætlunarinnar eru að laun hækki að meðaltali um 3% og að almennar verðlagsforsendur verði 4% hækkun.

Nefndin fjallaði sérstaklega um þessar meginforsendur fjárhagsáætlunar næsta árs og er sammála þeim í meginráttum. Í kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og BHM háskólamanna segir að laun hækka um 3% þann 1. júní 2017. M.t.t. gildandi kjarasamninga, breytingum á verkefnum starfsmanna Fjórðungssambandsins sem leiðir til nýs starfsmats svo og vænts launaskriðs þykir fulltrúum í Fjárhagsnefnd forsendur um hækkun launa raunhæf.

Í verðlagsforsendum hagdeildar Sambands ísl. sveitarfélaga er gert ráð fyrir 3,9% hækkun meðalverðlags á milli fjárhagsára (2016 til 2017) og er því forsenda um hækkun verðlags í fjárhagsáætlun 2017 í góðu samræmi við þá spá.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Ábendingar Fjárhagsnefndar:

- a. Laun og launakostnaður. Í sundurliðun áætlunar 2017 er launaliðun skipt niður á laun og á ýmsa launategða liði. Í sundurliðuninni þykir nefndarmönnum skorta upplýsingar um laun stjórnar á sama hátt og sveitarfélög almennt greina frá.
- b. Sundurliðanir. Fyrir nefndina var lagt undirskjal við fjárhagsáætlun 2017 sem sýnir sundurliðun á einstaka bókhaldsliði vegna þess árs. Nefndarmönnum nýttist sú sundurliðun vel í vinnu sinni en saknaði sundurliðunar á áætlun 2016 og endurskoðaðri áætlun 2016 til að gert gert raunhæfari samanburð á milli tímabila.

Álit og tillaga Fjárhagsnefndar:

Það er álit Fjárhagsnefndar að tillaga að fjárhagsáætlun 2017 endurspegli vel rekstur Fjórðungssambandsins og spá um rekstur á næsta ári.

Nefndin var sammála um að leggja til við 1. Haustþing Fjórðungssambands haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 að samþykkja framlagða fjárhagsáætlun sambandsins fyrir rekstrarárið 2017.

Gögn þingsins

Ávarp Ólafar Nordal innanríkisráðherra

Góðir fundarmenn

Ég vil þakka fyrir að fá að vera með ykkur hér í dag – það er alltaf gagnlegt og gaman að sækja fundi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Ég hafði ætlað mér að sitja fund ykkar í fyrra en varð því miður að hverfa frá þeirri fyrirætlun en er nú hingað komin. Fjórðungssamband Vestfirðinga er fyrst landshlutasamtaka í röðinni með ársfund sinn og ég vonast til að geta sótt nokkra af þessum fundum í ár.

Eins og áður er af nógu að taka á málefnasviði innanríkisráðuneytisins sem snertir sveitarfélögin enda eru næstum því öll málsvið okkar á einhvern hátt tengd landsbyggðinni og þar með sveitarfélögunum. Ég mun hér í dag staldra við nokkra þætti er varða sveitarfélögin beint, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, samgöngur og fjarskiptamál.

Lög um opinber fjármál

Í upphafi vil ég aðeins drepa á ríkisfjármálin. Mikil breyting verður nú varðandi opinber fjármál með lögum um opinber fjármál sem samþykkt voru á síðasta ári. Leiðarljósið nú verður annars vegar stefnumörkun í fjármálum til fimm ára í senn og hins vegar fjármálaáætlun. Sú fyrsta, fjármálaáætlun árána 2017 til 2021, var samþykkt 18. ágúst. Þarna er ráðuneytunum mörkuð stefna og útgjaldarammi til fimm ára sem þeim ber að fara eftir. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir nokkru svigrúmi til nýrra áherslumála sem skipt er á einstök málefnasvið ráðuneyta og mun það birtast í fjárlagafrumvarpinu í haust. Þetta er enn til umræðu hjá ráðherranefnd um ríkisfjármál.

En nýmæli laganna sem einkum snertir sveitarfélögin fjallar um samráð ríkis og sveitarfélaga á sviði fjármála. Þar segir að fjármálaráðherra skuli tryggja formlegt og reglubundið samráð við sveitarfélögin um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlanir og er áskilið að leita samkomulags við Samband íslenskra sveitarfélaga í þessu verkefni. Þetta samráð um fjármálin er hliðstætt langtímaáætlunum sveitarfélaga varðandi fjárhagsáætlanir og er til viðbótar því samráði sem innanríkisráðuneytið og sveitarfélögin hafa átt í gegnum árin – og ég legg áherslu á að það verður engin breyting á því. Þetta nýja samráð um fjármálin á að fjalla um eftirtalin atriði:

- Markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga til næstu fimm ára, sundurliðað eftir árum.
- Ráðstafanir til að tryggja að markmið um afkomu sveitarfélaga náist.
- Fjármögnun opinberrar þjónustu og tekjur sveitarfélaga.
- Verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarstjórnarmál

Málefni sveitarstjórnarstigsins hafa alltaf verið umfangsmikil á dagskrá ráðuneytisins og ráðherra og ýmislegt verið á verkefnalistanum er varðar sveitarfélögin beint. Síðustu ár hefur á ýmsan hátt verið fjallað um samskipti ríkis og sveitarfélaga, hvort sameina eigi og fækka sveitarfélögum, hvernig efla megi sveitarfélög, hvort flytja beri fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga, hvort tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga sé réttlát og að sjálfsögðu hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verið hluti af þessari umfjöllun allri. Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga réttilega komið inn í umræðuna um þessi mál öll.

Ég held að almennt talað hafi samskipti ríkis og sveitarfélaga farið batnandi og það er vilji til þess hjá ríkisstjórninni að hafa þessi samskipti nán. Ég er þeirrar skoðunar að sveitarfélögin eigi að fá að þróast og dafna á þeirra forsendum og forsendum byggðaðróunar í viðkomandi landsvæði. Þannig sé ég fyrir mér að sveitarfélög sameinist ef þeim sýnist svo og ef forráðamenn og íbúar telja það til framdráttar stjórnarsýslu og lýðræði í héraði. Í þessu sambandi vil ég til dæmis nefna að hún hafa þrjú sveitarfélög á suðausturhorni landsins, Djúpvogur, Höfn og Skaftárhreppur ákveðið að kanna hvort sameining þeirra væri fýsileg. Ráðuneytið fylgist með málinu og styður þá athugun fjárhagslega eftir því sem reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga leyfa. Þetta finnst mér gott dæmi um hvernig heimamenn sýna frumkvæði og taka upp mál sem þetta án utanaðkomandi þrýstings.

Meðal viðfangsefna á sviði sveitarstjórnarstigsins má nefna að nú er farin af stað verkefnisstjórn sem ég skipaði í sumar sem fjalla skal um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga og styrkingu sveitarstjórnarstigsins. Hlutverk verkefnastjórnarinnar er að eiga lýðræðislegt samtal við þjóðina og skila til innanríkisráðherra leiðarvísi, umræðuskjali, næsta vor. Verkefnisstjóri er Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, viðskiptafræðingur og fyrrverandi sveitarstjórnarmaður á Tálknafirði, sem þið þekkið mörg hver. Ásamt þessari fimm manna verkefnastjórn verður kallaður saman bakhópur til að ræða við verkefnastjórnina en í honum sitja 20 manns, fulltrúar landshlutasamtakanna, frá ungmennaráðum sveitarfélaga og ráðherra byggðamála og fleiri.

Verkefnastjórninni er falið að greina tækifæri og leiðir til að styrkja sveitarstjórnarstigið enn frekar, bæta úr ágöllum í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og leiða fram úrbótatækifæri í samráði við íbúa. Hún á að setja fram drög að stefnu til tólf ára og aðgerðaráætlun til fjögurra ára sem miða skal að eflingu sveitarstjórnarstigsins með eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- Stærri, öflugri og sjálfbær sveitarfélög.
- Breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga.
- Markviss samskipti ríkis og sveitarfélaga.
- Nýting rafrænnar tækni við stjórnarsýslu.
- Lýðræðisleg þátttaka íbúa um stefnumörkun og ákvarðanatöku á öllum sviðum.

Verkefnið er komið af stað og þið eigið eftir að verða vör við starf hópsins sem mun leita til ykkar eftir gögnum og upplýsingum, koma í heimsókn til ykkar og ræða um hvaðeina sem skipt getur máli í þessari greiningu. Nú er í undirbúningi viðhorfskönnun sem fara á fram meðal íbúa og sveitarstjórnarfulltrúa um sýn þeirra á hlutverk og verkefni sveitarfélaga. Valin verða úr að minnsta kosti sex sveitarfélög í þessu skyni. Þá er unnið að greiningu á mismunandi möguleikum sveitarfélaga til tekjuöflunar út frá íbúafjölda þeirra og reynt verður að tengja það hvernig þeim tekst með starfrækslu verkefna eins og reksturs grunnskóla og almennrar stjórnarsýslu. Eyrún Ingibjörg mun greina nánar frá þessu verkefni á ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Nefndin um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Í næstu viku heldur fyrsta fund sinn nefnd sem ég hef skipað til að gera nú endanlegar tillögur um nýjar aðferðir við jöfnun á útgjaldþörf og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Eins og þið vitið hefur þetta mál verið til umfjöllunar allt frá árinu 2010 með mörgum nefndum og hópum. Hafa legið fyrir skýrslur og tillögur og sett hafa verið fram reiknilíkon til að vega og meta hvernig breytingar koma út hjá einstökum sveitarfélögum. Nú er framundan lokaspættur þessa verkefnis, að setja fram nýtt líkan sem byggist á því sem liggur þegar fyrir.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Samgöngumál

Mörg og umfangsmikil verkefni á sviði samgöngumála eru framundan á Vestfjörðum sem hafa verið alltof lengi á dagskrá án þess að fjármagn fáist. Ég hef sagt að Dýrafjarðargöng verði næsta jarðgangaverkefni nú þegar Norðfjarðargöngum er að ljúka og það stendur. Við munum fara af stað eins og gert hefur verið ráð fyrir á næsta ári. Það sama er að segja um leiðina um Dynjandisheiði en fyrir liggur að byggja upp heilsársveg sem kosta myndi eitthvað yfir fjóra milljarða króna.

Þriðja verkefnið er leiðin um Gufudalssveit milli Bjarkalundar og Skálaness þar sem margnefndur Teigsskógur kemur við sögu. Verkið er í nýju umhverfismati með nýjum forsendum sem vonast er til að ljúki í byrjun vetrar. Gangi það eftir með jákvæðum hætti yrði næsta stig að sækja um framkvæmdaleyfi hjá sveitarfélaginu og í framhaldinu bjóða verkið út. Ég þarf ekki að ræða frekar hér um þetta verkefni sem hefur svo lengi verið á döfni en þið þekkið alla þá sögu betur en ég.

Að lokum nefni ég verkefni hér norðan við okkur en unnið er nú við endurbyggingu vegarins um Bjarnarfjarðarháls en því verki lýkur ekki fyrr en á næsta ári. Í framhaldinu er ráðgert að fara í hinn aðalfarartálmann á Ströndum sem er Veidileysuháls.

Fjarskiptamál

Fjarskiptasjóður hefur á þessu ári haft um 500 milljónir króna til að verja í uppbyggingu. Átaksverkefnið *Ísland ljóstengt* verður helsta verkefni stjórnvalda á sviði fjarskipta næstu árin. Markmið átaksins er að 99,9% lögheimila með heilsársbúsetu og atvinnuhúsnaðis með heilsársstarfsemi óháð staðsetningu hafi aðgang að 100Mb/s þráðbundinni nettengingu fyrir árslok 2020.

Á þessu ári hafa fjármunir fjarskiptasjóðs að mestu farið í ljósleiðaravæðingu í dreifbýli þar sem sveitarfélög, íbúar og fjarskiptafyrirtæki eftir atvikum leggja fram fé á móti framlagi fjarskiptasjóðs. Við gerum ráð fyrir að á næsta ári verði áfram hægt að bjóða styrki til þessa verkefnis. Vilji er til að setja saman sérstakan byggðapott sem notaður verður til þess að styðja sérstaklega við veikari byggðir. Takist það þá er edlilegt að forgangsröðun slíkra fjármuna sé skipulögð og ákveðin af landshlutasamtökum í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þá er langt komin ljósleiðarhringtenging ákveðinna landsvæða sem hófst í fyrra og á þessu ári er til dæmis stefnt að því að ljúka hringtengingu sem unnið hefur verið að hér á Vestfjörðum. Með þessu er bæði verið að auka þjónustu og bæta öryggi fjarskipta í öllum landshlutum. Þess má einnig geta að Neyðarlínan lauk nýverið byggingu fjarskiptastaðar á Finnbogastaðafjalli í Árneshreppi í samvinnu við fjarskiptasjóð og Orkubú Vestfjarða. Bæði Síminn og Vodafone settu þar upp 4G kerfi sem er bylting fyrir byggð á staðnum, ferðamenn og sjófarendur.

Að lokum

Góðir fundarmenn. Ég sé að dagskrá ykkar er fjölbreytt í dag og mörg og viðamikil mál til umræðu: Sóknaráætlun Vestfjarða, stefnumörkun, framtíðarsýn um stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar og fleira. Við höfum öll verk að vinna, hvert á okkar sviði. Við í ráðuneytinu leggjum okkur fram um að styrkja innviði þjóðfélagsins og gera búsetu- og atvinnuskilyrði sambærileg um landið allt. Til þess þarf fjárfestingu og til þess þarf stórhuga fólk og framsýn fyrirtæki. Við erum öll á sömu leið og þurfum alltaf að eiga gott samtal um markmið og leiðir um skiptingu þjóðarkökunnar. Ég lít með bjartsýni á þróunina næstu misseri og ár. Efnahagur landsins er að styrkjast og með því getum við haldið áfram þeirri uppbyggingu sem við öll viljum. Að endingu ítreka ég þakkir fyrir að fá að vera með hér í dag og óska ykkur góðs gengis.

Ávarp Gunnars Braga Sveinssonar – Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Ágætu Fjórðungssambandsfulltrúar – það gleður okkur Framsóknarmenn alltaf að geta talað um sambandið og sambandsmenn!

Það er mér mikil ánægja að vera hér með ykkur og vil ég hér í dag ræða byggðamál á Vestfjörðum - og reyndar byggðamál á landinu öllu.

Ég hef mjög skýra sannfæringu og sýn þegar kemur að byggðamálum. Meginrökin fyrir því að við eigum að reka hér öfluga og skapandi Byggðastefnu eru þau - að það er Íslandi og íslensku samfélagi nauðsynlegt að landið allt sé í byggð. Það er einfaldlega þjóðhagslega hagkvæmt – ekki bara fyrir landsbyggðina, heldur líka höfuðborgarsvæðið að það séu kraftmikil og verðmætaskapandi samfélög hringinn í kringum landið.

Það er að mínu viti mikilvægt að við segjum hlutina með þessum skýra hætti. Byggðastefna á ekki að hverfast um ölmusu eða einhverja misskilda aumingjagæsku höfuðborgarinnar. Byggðastefna er þvert á mótum tækifæri fyrir íslenskt samfélag til að auka verðmætasköpun og framfarir.

Það er út frá þessum punkti sem ég vil taka umræðuna um byggðamál. Öflug landsbyggð gefur höfuðborginni þrótt. Og að sama skapi er kraftmikið höfuðborgarsvæði - landsbyggðinni mikilvægt til frekari sóknar. Hvorugt getur án hins verið!

En til þess að kapallinn gangi upp – þá þarf að vera rétt gefið. Það verður að tryggja að innviðir hvers konar á landsbyggðinni séu sem mest sambærilegir við það sem tíðkast í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu.

Sem ráðherra byggðamála þá höfum við í mínu ráðuneyti verið að velta við mörgum steinum í því augnamiði að finna leiðir til að bæta upp aðstöðumun á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins. Eitt af mínum fyrstu embættisverkum í vor nýju ráðuneyti var að fela Byggðastofnun að útfæra tillögur um skattalegar ívilnanir í byggðalegum tilgangi. Slíkar aðgerðir hafa reynst vel í nágrannalöndum okkar - og þá sérstaklega í Noregi. Við erum meðal annars að horfa í lækkun á tryggingargjaldi því lengra sem dregur frá höfuðborginni, lækkun á ferðakostnaði fyrir þá sem þurfa að sækja vinnu langar leiðir og niðurfellingu á námslánnum á veikum svæðum. Ég ítreka að slíkar aðgerðir væru engin ölmusa heldur réttlætismál - að rétt sé gefið.

Hér á eftir mun svo Ágúst Bjarni aðstoðarmaður forsætisráðherra kynna hugmyndir Vestfjarðanefndarinnar svokölluðu sem hefur verið að störfum í sumar. Sú nefnd varð að hluta til að veruleika vegna samstarfs okkar við Fjórðungssambandið og er slíkt frumkvæði og samvinna við heimamenn okkur mjög mikilvægt. Nefndin hefur unnið gott starf og nú er það okkar ráðherra og ráðuneytanna að taka tillögurnar til vinnslu og hlusta á vilja heimamanna. Tillögur nefndarinnar snúa bæði að viðameiri tillögum sem snúast um innviðauppbyggingu og stærri framfaraverkefnum og svo sértækum aðgerðum sem ættu að geta komist til framkvæmda skjótt.

Það er því ekki skortur á góðum hugmyndum eða tillögum sem stendur í vegi fyrir framförum í byggðamálum. Hins vegar hafa fjármunir verið af skornum skammti til innviðauppbygginar en með lækkun skulda og vaxtagreiðslna hefur núna skapast tækifæri til þess að spíta í lófana og auka fjárveitingar í innviði og þar með talið til byggðamála.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Þegar við förum yfir sviðið þá blasir við að aðstæður eru fyrir kraftmikla sókn á landsbyggðinni og ég er sérstaklega bjartsýnn fyrir Vestfirði.

Í fyrsta lagi þá er ástand efnahagsmála með allra besta móti - og staðan hefur tekið algerum stakkaskiptum á síðustu þremur árum. Það er nánast alveg sama hvaða hagvísar eru skoðaðir – þeir vísa allir í rétta átt.

Í annan stað þá eru flestir mikilvægustu fiskistofnarnir í sókn og aðstæður í sjávarútvegi hagfelldar. Má sérstaklega nefna mikinn vöxt í fiskeldinu.

Í þriðja lagi þá eru mikil sóknarfæri í íslenskum landbúnaði og íslenskri matvælaframleiðslu almennt. Það er ekki deilt um gæði íslenskra landbúnaðarvara – og tækifærin samhliða útflutningi á íslenskum matvælum og innflutningi á ferðamönnum eru mikil. Í þessu samhengi er rétt að minnast á „Matvælandið Ísland“ sem er stórhuga verkefni sem er verið að hleypa af stokkunum - og hefur það að markmiði að kynna gæði og fjölbreytileika íslenskra matvæla fyrir ferðamönnum sem sækja landið okkar heim. Þannig viljum við treysta orðspor og móta ímynd landsins okkar sem upprunalands hreinna og heilnæmra matvæla.

Í fjórða lagi vil ég svo nefna þann mikla vöxt sem er í ferðapjónustunni. Ferðapjónustan er ólík flestum öðrum atvinnugreinum að því leyti að hún er ekki eitthvað eitt sem auðvelt er að setja í þar til gert box. Ferðapjónustan er nefnilega allt milli himins og jarðar – maturinn, gistingin, mannlífið, náttúran, blíðviðrið og stórviðrið, norðurljósinn, dýralífið, lopapeysur, tónlist – allt sem á daga ferðamannsins getur drifið. Ferðamaðurinn sækjir í þessa fjölbreytni og er hana að finna vítt og breitt um landið.

Vegna allra þessara jákvæðu þátta – betra efnahagsástands og sóknar í sjávarútvegi, landbúnaði og ferðapjónustu – þá blasir við að hér eru að skapast kjöraðstæður fyrir allt hitt. Nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á ótal sviðum.

Það er okkar allra að greina tækifærin, grípa þau og hagnýta.

Ég ætla svo hér að lokum að rekja sérstaklega af hverju ég er sérstaklega bjartsýnn fyrir hönd Vestfirðinga. Við þurfum ekki að orðlengja neitt um þá byltingu sem verður þegar Dýrafjarðargöng komast í gagnið en þau verða boðinn út í haust og var ánægjulegt að sjá í morgun að 7 aðilar eru í forvali fyrir útboðið. Vegurinn um Dynjandisheiði verður endurbyggður því samhliða og með því munu norðanverðir og sunnanverðir Vestfirðir loksins tengjast.

Mikill viðsnúningur hefur orðið tengdur uppbyggingu fiskeldis á sunnanverðum Vestfjörðum og innan skamms mun álíka uppbygging fara fram á norðanverðum fjörðunum líka. Maður þarf ekki að vera lengi á Patreksfirði, Tálknafirði eða Bíldudal til þess að sjá þá gjörbreyttu stöðu sem uppi er í þessum samfélögum. Við höfum svo horft á jarðýtuna plægja ljósleiðarann niður í Ísafjarðardjúpi í sumar sem vitnar um áform ríkisstjórnarinnar um ljósleiðaravæðingu landsins og svo er að verða gjörbreyting í raforkumálum Vestfirðinga.

Ég heimsótti fyrirhugað virkjunarstæði Austurgilsvirkjunar í Ísafjarðardjúpi í sumar og var fyrir tveimur vikum í Árneshreppi að ræða Hvalárvirkjun við heimamenn. Við Framsóknarþingmenn kjördæmisins höfum í langan tíma heitið fullum stuðningi við iðnaðarráðherra um að ákvarða tengipunkt í Ísafjarðardjúpi fyrir þetta nýja virkjunarsvæði og þrátt fyrir að við hefðum viljað sjá það gerast miklu fyrr sést loksins til lands í þeim efnum og verður ákvörðun þar um væntanlega tilkynnt mjög fljótlega.

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Slagurinn er hins vegar ekki unninn þar heldur verður pólitíkin að leggja fram skýra stefnu um að í framhaldinu verði snúrunni komið frá tengipunktinum til byggðanna við norðanvert Djúp og það ætlum við að gera. Það verður að gerast til þess að hringtenging rafmagns myndist, til þess að raforkuöryggi Vestfirðinga stórbætist og til þess að ný atvinnutækifæri komi í dagsljósið.

Þrátt fyrir að ég hafi ekki mikið vit á knattspyrnu og hvað þá neitt í líkingu við markahrókinn, Pétur Markan sveitarstjóra og formann ykkar, þá leyfi ég mér að fullyrða- það er stórsókn að hefjast hjá Vestfirðingum!

1. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 9. og 10. september 2016 á Hólmavík

Þinggerð

Erindi Halldórs Halldórssonar, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga

http://vestfiridir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/skra/749/

Erindi Hrafnkels Á Proppé. Skipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins.

Svæðisskipulag lifandi plagg eða hilluskraut?

http://vestfiridir.is/fjordungssambandid/haustthing_2016/